



## Hestamannafélagið Glaður

Brekkuhvammi 10  
370 Búðardal  
www.gladur.is

### Stjórnarfundur 4. september 2011

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs haldinn í húsi Vegagerðarinnar í Búðardal  
4. september 2011 kl. 21:00.

Mættir: Valberg, Eyþór, Svala, Guðbjörn, Viðar og Þórður.

1. Formaður greindi frá því að búið er að ákveða að halda Vesturlandssýningu aftur og að hún verði 24. mars næstkomandi. Glaður verður með þar eins og síðast.
2. Umræða er komin í gang um að halda Bikarmót Vesturlands en það hefur ekki verið haldið í nokkur ár.
3. Til er nokkurt fé í reiðvegi og þarf að nýta það. Nokkrar reiðleiðir ræddar þar sem þarf að laga og breyta. Samþykkt að fela reiðveganefnd ásamt Eyþóri að skoða þessi mál og taka ákvörðun. Einnig falið að ganga frá 4 ára áætlun um reiðvegi sem skila þarf inn í haust.
4. Rætt um hvort Glaður gerist aðili að Hrossaræktarsambandi Vesturlands. Ákveðið að málið verði rætt á næsta aðalfundi.
5. Rætt um að halda skemmtikvöld/uppskeruhátíð líkt og síðasta vetur. Samþykkt að fá skemmtinefnd til að vinna að slíku.
6. Enn er eftir að ganga frá því að afhenda félagsmönnum eignarhluti í Nesodda ehf. í samræmi við vinnuframlag við byggingu reiðhallarinnar sbr. bókun í fundargerð 17. nóvember 2010. Samþykkt að Glaður skipti 20% hlut í Nesodda (1/4 af eignarhluta Glaðs) á milli þeirra félagsmanna sem lögðu fram vinnu. Ritari gengur frá bréfi til þessarar félaga á næstunni.
7. Félaginu hefur áskotnast um 50 trjáplöntur sem þarf að setja niður á mótssvæðinu. Guðbjörn ákveður dag til þess og hóar í félagsmenn.

Fleira ekki rætt, fundi slitið,

*Þórður Ingólfsson (sign)*  
*Viðar Þór Ólafsson (sign)*  
*Valberg Sigfússon (sign)*  
*Guðbjörn guðmundsson (sign)*  
*Svala Svavarsdóttir (sign)*  
*Eyþór J. Gíslason (sign)*